

D ó m s o r ð:

Boðað verkfall Félags íslenskra flugumferðarstjóra hjá þeim félagsmönnum, sem starfa sem flugumferðarstjórar, sem boðað var með bréfi, dagsettu 7. maí 1987, og hefjast skyldi hinn 25. maí 1987, er ólögmaett.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 4/1987.

**Félag ráðgjafarverkfræðinga
vegna Verkfræðistofu Sigurðar
Thoroddsen h/f (VST h/f)**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

gegn

Stéttarfélagi verkfræðinga

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Verkfall. Verkfræðingar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 25. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 12. þ.m.

Stefnandi er Félag ráðgjafarverkfræðinga vegna Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f (VST h/f), Ármúla 4, Reykjavík.

Stefndi er Stéttarfélag verkfræðinga, Engjateigi 9, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkraftur:

1. Að stefndu stéttarfélagi verði dæmt skylt að þola, að eigendur (hluthafar) Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f, sem ekki séu félagar í stefnda, vinni verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna stefnda, enda fullnægi þeir almennum hæfnisskilyrðum þar til.

2. Að dæmdar verði ólögsmætar þær aðgerðir hins stefnda stéttarfélags, sem miða að því að meina eigendum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f aðgang að vinnustað þeirra.
3. Að stefndu stéttarfélagi verði gert að greiða sektir skv. 65. gr. laga nr. 80 frá 1938.
4. Að stefnt stéttarfélag verði dæmt til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa, að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, þó þannig, að viðurkenndur verði réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra vinna verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna Stéttarfélags verkfræðinga.

1. *varakrafa*, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, þó með þeirri takmörkun, að viðurkenndur verði réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra og stjórnarmenn hlutafélagsins vinna verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna Stéttarfélags verkfræðinga.

2. *varakrafa*, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, þó með þeirri takmörkun, að viðurkenndur verði réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra, stjórnarmenn og þá hluthafa, sem eru félagsmenn í félagi ráðgjafarverkfræðinga, vinna verkfræðistörf í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga. Stefndi krefst og málskostnaðar í öllum tilvikum.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera sem hér segir í aðalatriðum:

Með bréfi, dags. 21. maí sl., boðaði stefnt stéttarfélag verkfall hjá félagsmönnum þess, sem vinna hjá aðildarfélögum Félags ráðgjafarverkfræðinga, og kom verkfallið til framkvæmda föstudaginn 5. júní sl.

Nokkrir verkfræðingar í starfi hjá VST h/f, sem ekki eru eigendur í félaginu, hófu verkfall í samræmi við ákvörðun stéttarfélags síns hinn 5. júní sl.

Þegar eigendur VST h/f komu til vinnu sinnar að morgni þriðjudagsins 9. júní sl., var þeim meinaður aðgangur að vinnustað sínum. Félagar í stefndu stéttarfélagi með formann félagsins, Högna

Jónsson, í broddi fylkingar stóðu við útidyr Ármúla 4 í Reykjavík og vörnuðu öllum verkfræðingum inngöngu í húsið að undanskildum Lofti Þorsteinssyni forstjóra, framkvæmdastjórnunum Þorkeli Erlingssyni, Pálma R. Pálmasyni og Viðari Ólafssyni. Nokkrir eigendur höfðu komið til vinnu, áður en aðgerðirnar hófust, þar á meðal Ólafur Bjarnason, stjórnarformaður VST h/f, og komust á vinnustað af þeim sökum.

Þegar þetta ástand hafði haldist nokkra hrið, ákváðu þeir eigendur, sem utan gátta voru vegna aðgerða félagsmanna stefnds stéttarfélags, að freista inngöngu. Sú ráðagerð tókst án líkamsmeiðinga.

Miðvikudaginn 10. júní sl. fylktu liðsmenn stefnds stéttarfélags liði við útidyr Ármúla 4, Reykjavík.

Nú var engum verkfræðingi hleypt inn í húsið öðrum en fyrrgreindum Lofti Þorsteinssyni.

Af ofangreindum ástæðum lá öll verkfræðivinna niðri hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f mestan hluta miðvikudagsins 10. júní.

Tjón af þeim sökum nemur verulegum fjárhæðum að mati stefnanda.

Stefnandi áskilur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. rétt til heimtu skaðabóta hjá stefndu stéttarfélagi fyrir því tjóni, sem félagið hefur orðið fyrir af völdum aðgerða stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga.

Stefnandi kveðst styðja málsókn sína eftirfarandi rökum:

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h/f er hlutafélag eins og firmanafn félagsins ber með sér, en var upphaflega einkafirma Sigurðar heitins Thoroddsen. Á árinu 1962 var stofnað sameignarfélag um rekstur verkfræðistofunnar, og var það félagsform við lýði til ársins 1976, er hlutafélag var sett á stofn, sem yfirtók rekstur þess.

Ástæðan fyrir þessari breytingu á félagsformi lá fyrst og fremst í því, að blómleg starfsemi félagsins óx sameignarfélagsforminu yfir höfuð. Verkefnin urðu sífellt viðameiri, og ábyrgðin, sem því fylgdi, leiddi til þess, að óhjákvæmilegt var að takmarka ábyrgð félagsmanna með stofnun hlutafélags.

Eftir sem áður var félagið byggt á vinnuframlagi eigenda (hlutahafa), og hefur svo verið síðan.

Eigendur (hluthafar) eru verkfræðingar og tæknifræðingar, sem starfa hjá félaginu. Eignaraðild hvers um sig að félaginu er jöfn.

Láti eigandi af starfi, er honum skylt að selja sameigendum sínum hlut sinn á fyrir fram ákveðnu verði. Starfsmönnum er gefinn kostur á að gerast eigendur að félaginu eftir ákveðnum reglum, þegar þeir hafa unnið tiltekinn tíma hjá félaginu.

Verða þeir þá þegar fullgildir eignaraðilar til jafns við aðra hluthafa.

Þegar nýr eigandi er tekinn inn í félagið, hefur sá hinn sami jafnframt sagt upp aðild sinni að Stéttarfélagi verkfræðinga og hætt greiðslu félagsgjalda frá næstu áramótum.

Þessi framkvæmd mála hefur verið í fullu samráði við Stéttarfélag verkfræðinga.

Af þessu leiðir að dómi stefnanda, að þeir eigendur, sem jafnframt eru verkfræðingar, eru ekki félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga og falla því ekki undir agavald félagsins, hvorki að því er varðar þátttöku í verkfallsaðgerðum né öðrum ákvörðunum, sem venjulegir félagar verða að hlíta.

Stefnandi bendir á 5. grein laga nr. 80 frá 1938 í þessu sambandi og telur lagaákvæði þetta taka af öll tvímæli um samningsvið stéttarféлага.

Skv. 5. gr. laga nr. 80 frá 1938 nær réttur stéttarfélags einungis til samninga um kaup og kjör fyrir féлага þess. Af þessu leiðir, að stéttarfélagið semur ekki fyrir eigendur VST h/f og því nær agavald félagsins ekki til þeirra. Þeim er því bæði rétt og skylt að vinna í þágu félagsins, enda þótt félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga séu í verkfalli.

Annað væri reyndar hjákátlegt, ef eigendum væri skylt að taka þátt í verkfalli gegn sjálfum sér.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að stefnandi gæti til vara fallist á það, sem fram komi í 2. varakröfu stefnda, þ.e. að agavald stefnda næði ekki yfir þá hluthafa, sem eru í félagi ráðgjafarverkfræðinga, auk framkvæmdastjóra og stjórnarmanna.

II.

Málsástæður og lagarök stefnda eru þessi:

Stefndi er stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og kemur fram sem samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Félagið er eina stéttarfélag verkfræðinga skv. lögum nr. 80/1938. Meðal þeirra aðila, sem stefndi gerir kjarasamninga við, er fulltrúaráð Félags ráð-

gjafarverkfræðinga. Núgildandi samningur aðila er frá 1. júní 1986.

Í upphafi verkfallsins kom í ljós, að fjölmargir launþegar hjá verkfræðifyrirtækjum, sem rekin eru í formi hlutafélaga, töldu sig ekki vera launþega, heldur atvinnurekendur. Hefur það tíðkast undanfarin ár, að ungum verkfræðingar, sem hafa unnið nokkur ár hjá verkfræðifyrirtækjum í hlutafélagiformi, er gefinn kostur á að gerast hluthafar í viðkomandi hlutafélagi. Reglur um þetta eru mismunandi eftir fyrirtækjum, en aðaleinkennin eru þau, að hinn nýi hluthafi leggur hlutafélaginu til nýtt fjármagn með hlutafjárframlagi sínu og fær þetta hlutafjárframlag endurgreitt, þegar hann annaðhvort lætur af störfum eða síðar, þegar viðkomandi verkfræðifyrirtæki kaupir hlut verkfræðingsins af honum að nýju.

Skv. dómskj. nr. 10 eru hluthafar 39, þar af 31 verkfræðingur. Á sama skjali eru verkfræðingar í starfi hjá félaginu, sem ekki eru jafnframt hluthafar, taldir vera 9. Af hluthöfum eru a.m.k. 3 félagsmenn í Stéttarfélagi verkfræðinga.

FRV er félag verkfræðinga, sem hafa tiltekna starfsreynslu að baki - 8 ár - í ráðgjöf og starfa við ráðgjöf. Engin fyrirtæki eða félög eiga aðild að FRV. Aðeins sumir verkfræðinganna hjá VST eiga aðila að FRV. Í tengslum við FRV starfar fulltrúaráð FRV, sem er starfsvettvangur þeirra verkfræðifyrirtækja, sem félagar í FRV eiga aðild að. Við þann aðila hefur stefndi gert kjarasamning, en ekki FRV. Af hálfu stefnda eru þó engar athugasemdir gerðar við þessa málsaðild, enda er það ósk stefnda, að efnisdómur gangi í málinu.

Ágreiningur aðila snýst um það, hvort þeim starfsmönnum hjá VST, sem einnig eru hluthafar, sé heimilt að vinna í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga.

Þess er fyrst að geta, að allir verkfræðingar í starfi hjá VST eru launþegar og handhöfn þeirra á hlutafé í félaginu getur á engan hátt breytt réttarstöðu þeirra á þann veg, að þeir verði taldir til eigna með réttarstöðu sambærilega við eigendur í sameignarfélagi. VST gerir ráðningarsamninga við hvern og einn verkfræðing, og eru ráðningarsamningar þessir algerlega byggðir á kjarasamningi stefnda og FFRV, ef til vill með þeirri breytingu, sem einnig getur átt við um þá, sem ekki eru hluthafar, að um einhverja yfirborgun, t.d. 7%, sé að ræða. Afleiðingar þessa eru þær, að geri stefndi

kjarasamning við FFRV um 5% launahækkun, þá hækka laun hluthafanna í VST um 5%, en geri stefndi samning um 50% hækkun launa, þá hækka laun hluthafanna hjá VST um 50%. VST er óheimilt að semja við hluthafana um kjör, sem eru lakari en kjör þau, sem kjarasamningur ákveður, sbr. lög um starfskjör launþega. Auk launaliðanna í kjarasamningi gilda öll önnur ákvæði kjarasamningsins um réttarsamband þeirra verkfræðinga, sem eru hluthafar annars vegar, og VST hins vegar. Í starfi hafa hluthafarnir því réttarstöðu launþega í hvívetna. Þeir eru háðir hlýðniskyldu við yfirmenn sína, sem eru framkvæmdastjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri. Handhöfn þeirra á hlutafé í félaginu heimilur þeim að sjálfsgöngu að sækja aðalfund og greiða þar atkvæði, þar á meðal við stjórnarkjör. Stjórn félagsins fer með mál félagsins á milli aðalfunda og ræður félaginu framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra. Þessi eignarréttur að hlutafé í félaginu hefur hins vegar engin áhrif á réttarstöðu hluthafanna sem starfsmanna.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að það sé viðurkennd regla íslensks réttar, að þegar stofnað er til lögmæts verkfalls á tilteknu sviði, þá séu allir starfsmenn á því sviði bundnir af verkfallsákvörðuninni og verði að láta sér lynda að leggja niður störf án tillits til þess, hvort þeir eru félagsbundnir í því félagi, sem til verkfallsins boðar, eða ekki. Þessi regla verður meðal annars leidd af 18. gr. laga nr. 80/1938, þar sem segir, að þeim, sem vinnustöðvun beinist gegn, sé óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra félagsmanna félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standi. Þessi regla er sett í því skyni að styrkja vernd verkfallsréttarins, og ber að skilja ákvæðið þannig, að enn síður sé þeim, sem vinnustöðvun beinist að, heimilt að afstýra henni með aðstoð manna utan félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvun standa.

Meginreglan um sömu réttarstöðu allra launþega án tillits til félagsaðildar birtist hvað skýrast í lögnum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, 1. gr., þar sem segir, að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnu-markaðarins semji um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á samningssvæðinu og að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör skuli ógildir. Með lögfestingu þessa ákvæðis upphaflega í lögnum nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl. viðurkenndi og færði löggjaf-

inn í letur þessa sérstöku reglu íslensks réttar um jafna réttarstöðu allra launþega gagnvart atvinnurekendum.

Afleiðing af framangreindri almennri réttarreglu er m.a. sú, að löglegt verkfall, sem boðað er af stéttarfélagi, bindur alla launþega í viðkomandi starfsgrein, einnig þá, sem eru utan stéttarfélagsins. Þetta á a.m.k. við um alla launþega, sem ekki eru í neinu stéttarfélagi, og ugglaut einnig við þá, sem eru í öðrum stéttarfélögum. Það, sem sker úr, er starfssviðið.

Auk framangreindrar meginreglu mæla sanngirnirök og grundvallarsjónarmið í lögnum nr. 80/1938 með framangreindri niðurstöðu. Starfskjör hluthafanna hjá VST ráðast eingöngu af þeim kjarasamningi, sem stefndi gerir við FFRV. Ætla má, að næstum því jafnmargir verkfræðingar á ráðgjafarverkfræðiskrifstofum í Reykjavík séu hluthafar í þeim eins og þeir, sem ekki eru hluthafar. Þeir, sem eru félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga, verða að kosta til fjármunum og vinnu við að ákvarða starfskjör þau, sem eiga að gilda í samskiptum þeirra við fyrirtæki í FFRV. Ósanngjarnt er, að jafnmargir verkfræðingar, sem eru hluthafar, njóti afraksturs þessa starfs og þessara fjármuna án nokkurs framlags eða fórnar af sinni hálfu. Segja má, að sá lögverndaði réttur, sem Stéttarfélag verkfræðinga hefur til að knýja fram kröfur sínar með verkfalli, sé að engu gerður, ef dómstólar komast að þeirri niðurstöðu, að með því einu að rétta starfsmanni lítil hlutabréf í viðkomandi atvinnufyrirtæki, þá teljist sá starfsmaður atvinnurekandi, sem heimilt sé að vinna í verkfalli. Augljóst er, að það eru stórfelldir hagsmunir atvinnurekenda að komast hjá vinnustöðvun í verkfalli, og er það lítilvæg fórn af þeirra hálfu að framselja hlutabréf til starfsmanna sinna í því skyni að bæta samkeppnisstöðu sína.

Þá er og á því byggt, að í kjarasamningnum er það viðurkennt, að vinnuveitandi skv. samningnum sé sá einn, sem er fyrirtæki og á aðild að FFRV. Af þessu ákvæði í gr. 1.1.2 leiðir, að engir aðrir teljast vinnuveitendur en fyrirtækin. Af þessu leiðir, að enginn verkfræðingur getur komið fram sem atvinnurekandi og starfað í verkfalli á þeim grundvelli.

Í gr. 1.1.3 í kjarasamningnum er hugtakið launþegi í samningnum rækilega skilgreint og segir, að það séu annars vegar þeir verkfræðingar, sem eru aðalfélagar í Stéttarfélagi verkfræðinga og starfa hjá verkfræðifyrirtæki með aðild að FFRV, og hins vegar allir aðrir

verkfræðingar í þjónustu sama vinnuveitanda, enda uppfylli þeir verkfræðingar inntökuskilyrði stéttarfélagsins, þ.e. Stéttarfélags verkfræðinga.

Þar sem verkfræðingar þeir há VST, sem eru hluthafar, eru launþegar, þá eiga þeir rétt og sennilega skyldu til aðildar að Stéttarfélagi verkfræðinga. Þeir eru því launþegar í skilningi kjarasamningsins, og löglega boðað verkfall bindur þá til að leggja niður störf. Engu breytir hér um, að í gr. 7.1.1 segir, að stéttarfélagið viðurkenni rétt vinnuveitanda til að standa utan stéttarfélaga. Ákvæði þetta kom inn í uppkasti frá 1981 að kjarasamningi skv. ósk FFRV, en þá var hugmyndin sú að semja við þrjú stéttarfélög í einu. Þess vegna er talað um stéttarfélög í fleirtölu. Hugtakið vinnuveitanda verður að skilja í samræmi við gr. 1.1.2 í samningnum og getur því ekki átt við hluthafa eða verkfræðinga, sem eru félagsmenn í FRV.

Stefndi vitnar til réttarreglu, sem fram kemur í D.F.VII., bls. 112, sem fjallar um réttarstöðu starfsmanns, sem er jafnframt hluthafi í hlutafélagi því, sem hann starfar hjá. Hann heldur því fram, að sú regla hafi orðið til fyrir venju í framkvæmd, að verkfall nái til allra starfsmanna á því sviði, sem viðkomandi stéttarfélag starfar hjá, enda sé það eina stéttarfélagið á því sviði á starfssvæðinu, en starfssvæði Stéttarfélags verkfræðinga sé allt Ísland.

III.

Ágreiningslaust er með aðilum, að hið stefnda félag sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 og að það komi fram sem samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna og að það sé eina stéttarfélag verkfræðinga skv. lögnum. Meðal þeirra aðila, sem stéttarfélagið gerir kjarasamninga við, er fulltrúaráð Félags ráðgjafarverkfræðinga, en fulltrúaráðið er starfsvettvangur þeirra verkfræðifyrir-tækja, sem félagar í Félagi ráðgjafarverkfræðinga eiga aðild að.

Ekki er ágreiningur um aðild í máli þessu.

Hluthafar í hlutafélaginu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen eru 39, þar af 31 verkfræðingur. Hjá hlutafélaginu starfa auk þess 9 verkfræðingar, sem ekki eru hluthafar. Þeir eru félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga auk þriggja hluthafa, sem einnig eru félagar. Af þeim 28 verkfræðingum, sem eru hluthafar og ekki eru félagar í Stéttarfélagi verkfræðinga, eru 20 í Félagi ráðgjafarverkfræðinga.

Verkfall hins stefnda stéttarfélags beindist að viðsemjanda þess,

fulltrúaráði Félags ráðgjafarverkfræðinga. Eins og aðild félagsmanna í Félagi ráðgjafarverkfræðinga að fulltrúaráði félagsins er háttað, verður að telja óeðlilegt að gera þeim skylt að taka þátt í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga. Hins vegar verður ekki fallist á með stefnanda, að allir hluthafar í Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f vinni verkfræðistörf í löglega boðuðu verkfalli stefnda, þar sem hlutafjäreign ein og sér verður ekki talin veita hluthafanum stöðu vinnuveitanda.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn rétt að hafna dómkröfum stefnanda, en fallast á 2. varakröfu stefnda.

Ekki eru efni til að dæma stefnda til greiðslu sektar skv. 65. gr. laga nr. 80 frá 1938.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er réttur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f til að láta framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra, stjórnarmenn og þá hluthafa, sem eru félagsmenn í Félagi ráðgjafarverkfræðinga, vinna verkfræðistörf í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Jóns Þorsteinssonar.

Ágreiningur milli aðila að máli þessu er einvörðungu um það, hvort verkfræðingum, sem starfa hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f og jafnframt eru hluthafar í félaginu, sé heimilt að vinna í verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga. Verkfræðingar þessir starfa hjá verkfræðistofunni sem launþegar á grundvelli sammingskjara Stéttarfélags verkfræðinga. Sammingsaðili af hálfu vinnuveitenda er fulltrúaráð Félags ráðgjafarverkfræðinga, en það er mjög sjálfstæð stofnun. Almennir félagsmenn í Félagi ráðgjafarverkfræðinga hafa sáralítill áhrif á gerðir fulltrúaráðsins. Fulltrúaráðinu er fyrst og fremst stjórnað af fulltrúum, er sérhvert verkfræðifyrirtæki innan ráðsins skipar sérstaklega. Af þessum sökum er ekki unnt að líta á félagsmenn í Félagi ráðgjafarverkfræðinga úr framangreindum hópi starfsmanna verkfræðistofunnar sem for-

svarsmenn vinnuveitenda, og því ber að hafna viðurkenningu á rétti þeirra til að vinna í verkfalli. Á hinn bóginn ber verkfræðingi, sem sæti á í fulltrúaráði Félags ráðgjafarverkfræðinga af hálfu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f, réttur til að vinna þrátt fyrir verkfall.

Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Föstudaginn 18. september 1987.

Nr. 6/1987.

**Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Mjólkurbús Flóamanna**

(Kristján Þorbergsson cand.jur.)
gegn

**Alþýðusambandi Íslands
f.h. Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs**

(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Kjarasamningur. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 15. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 7. september 1987.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Reykjavík, vegna Mjólkurbús Flóamanna, Austurvegi 65, Selfossi.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Reykjavík, f.h. Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs á kjarasamningi félagsins, dags. 28. ágúst 1987, verði dæmd ólögmet og gildislaus.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að kjarasamningur Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs og Vinnuveitendasambands Íslands sé